

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður-miðbær, lóð nr. 36 við Austurgötu.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. mars 2018 breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður-miðbær, vegna lóðarinnar Austurgötu 36. Deiliskipulagsbreytingin, sem felst í stækkun byggingarreits og hækkun nýtingarhlutfalls lóðarinnar, hækkun mænishæðar húss og hliðrun lóðarmarka við götulínu, var auglýst og grenndarkynnt frá 1. nóvember til 13. desember 2017. Athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. apríl 2018.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2018